



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1781  
komudagur 10.4.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka Lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um um breytingar á 2. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 194. mál, afnám skylduaðildar.

Í tilefni þessa frumvarps vilja Landssamtök Lífeyrissjóða taka fram eftirfarandi:

Landssamtök lífeyrissjóða lýsa yfir algjörrri andstöðu við umrætt frumvarp og telja að ef frumvarpið nær fram að ganga þá muni rofna sú almenna þjóðarsátt um lífeyrissjóðakerfið, sem náðist með með setningu laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslendingar búa nú við traust og einfalt lífeyrissjóðakerfi með mikilli sjóðsöfnun, samtryggingu og með aðild allra starfandi manna, sem er í fullkomnu samræmi við forskrift Alþjóðabankans frá árinu 1994 um þriggja stöða lífeyriskerfi. Þá byggir lífeyrissjóðakerfið almennt á starfstengdum lífeyrissjóðum í samræmi við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins frá árinu 1969, auk þeirra lífeyrissjóða fyrirtækja og starfsstétta sem störfuðu fyrir gildistöku kjarasamningsins. Með samþykki lífeyrissjóðalaganna var samtrygging og skylduaðild sjóðfélaga að einstökum lífeyrissjóðum fest í sessi sem einn meginþáttur í lífeyrissjóðakerfinu.

Mörg rök hníga í þátt átt að afnám skylduaðildar að einstökum lífeyrissjóðum sé mjög óhentugt og jafnvel varhugaverð leið. Nefnd skulu nokkur atriði:

Í fyrsta lagi mun kostnaður lífeyrissjóðakerfisins stórukast, ef aðild yrði gefin frjáls. Núverandi auglýsingakostnaður vegna hins frjálsa viðbótarlífeyrissparnaðar yrði lítið brot miðað við þann kostnað sem nú er. Reynslan frá Chile, þar sem valfrelsið ríkir, sýnir að kostnaður lífeyrissjóðakerfisins þar í landi hefur margfaldast.

Í öðru lagi mun frjáls aðild að lífeyrissjóðunum hafa í för með sér verulega aukinn kostnað við eftirfylgni við innheimtustarfsemi.

Í þriðja lagi væri sú hættu vissulega fyrir hendi að launþeginn, sem mun hafa mjög takmarkaða yfirsýn á rekstri lífeyrissjóða, þ.á.m. mat á líklegri ávöxtun fram í tímann, þróun rekstrarkostnaðar, aldursamsetningu, kynjasamsetningu, ævilíkum og örorku-áhættu, léti einfaldlega atvinnurekandann um að velja lífeyrissjóðinn. Valfrelsi launþegans yrði í raun valfrelsi atvinnurekandans.

Í fjórða lagi mun valfrelsið brjóta smám saman niður samtryggingareðlið í lífeyrissjóðakerfinu. Farið væri að verðleggja sjóðfélagann eftir kyni, þar sem konur lifa lengur en karlar og eru því dýrari áhætta. Eftir aldri, því iðgjöld sjóðfélaga eru þeim mun verðmætari, sem sjóðfélaginn er yngri og eftir fjölskylduáðstæðum, því fjölskylduafaðir, sem fellur frá er dýrari áhætta en einhleypingur. Þannig yrði núverandi kerfi samhjálp og samtryggingar í lífeyrissjóðunum rústað niður á fáeinum mánuðum. Þetta sjónarmið um afnám samtryggingarinnar kemur sérstaklega fram í greinargerð frumvarpsins, þar sem segir: *“Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin, að lífeyrissjóðir veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskylduáðstöðu.”*

Rýmkun reglna í Bretlandi í valfrelsisátt hafa skapað stórkostleg vandamál, sem ekki er séð fyrir endann á. Þar er þó ekki um að ræða almenna greiðsluskyldu að lífeyrissjóðum á Bretlandseyjum og flestir sjóðanna eru byggðir sem fyrirtækjalífeyrissjóðir. Hægt hefur verið að velja á milli að greiða í viðkomandi lífeyrissjóð eða í frjálsan sparnað. Þar voru sjóðfélagar blektir út úr samtryggingarsjóðunum með ýmsum gylliboðum tryggingafélaga og banka. Afleiðing varð fleiri milljarða punda réttindatap fyrir þá sjóðfélaga, sem létu glepjast af gylliboðunum og sem enn er verið að reyna að greiða úr, 14 árum síðar.

Í Danmörku starfa lífeyrissjóðir á stéttarfélagsgrundvelli líkt og hér á landi og ríkir um þá skipan þjóðarsátt. Í Hollandi er eitt öflugasta lífeyriskerfi í Evrópu og er lífeyrissparnaður þar einna mestur á íbúa. Um er að ræða lífeyrissjóði, sem byggja á stéttarfélagsaðild, eins og tíðkast hjá okkur. Víða annars staðar í Evrópu starfa lífeyrissjóðir á fyrirtækjagrundvelli, t.d. í Þýskalandi. Þar eins og annars staðar í nágrannalöndunum eiga menn aðild að tilteknum lífeyrissjóðum.

Þá er vert að geta þess að Mannréttindadómstóll Evrópu vísaði nýlega frá kæru tveggja starfsmanna fyrirtækis gegn íslenska ríkinu, sem vildu ekki una dómi Hæstaréttar að greiða í fastákveðinn lífeyrissjóð, en með dómi Hæstaréttar frá 26. september 1996 var ekki talið að skylduaðild starfsmannanna að lífeyrissjóði og takmörkun á valfrelsi þeirra um lífeyrissjóð bryti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Fyrir Mannréttindadómstól Evrópu byggðu kærendur á því að niðurstaðan í dómi Hæstaréttar bryti gegn rétti þeirra til að standa utan félaga sem verndaður væri af 11. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu, auk þess sem skylda til að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld í fastákveðinn lífeyrissjóðinn bryti gegn eignarréttarákvæðinu í 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Mannréttindadómstóllinn féllst á hvorugt kæruefnið. Hvað varðaði brot gegn 11. gr. taldi dómstóllinn að skylduaðild að lífeyrissjóði væri bundin í lög, hún hefði það réttmæta markmið að stuðla að vernd réttinda annarra með stofnun samtryggingasjóða og ekki væri gengið of langt til ná þessu markmiði. Með þessu væru uppfyllt skilyrði takmarkana á félagafrelsi samkvæmt 2. mgr. 11. gr. Hvað varðaði kæru um brot á eignarréttarákvæðinu vegna greiðslu iðgjalda, taldi Mannréttindadómstóllinn að um væri að ræða almennar takmarkanir á eignarrétti sem rúmuðust innan marka 2. mgr. 1. gr. ákvæðisins sem heimilar takmarkanir á þessum rétti, enda væru þær lögmæltar, settar í þágu almannahagsmuna og gengju ekki lengra en nauðsynlegt mætti telja.

Þá féll í síðasta mánuði í EFTA-dómstólnum dómur sem varðar lífeyrissjóðina miklu. Deilt var um það hvort það brjóti gegn samkeppnisreglum EES að gera kjarasamninga um stofnun, aðild og rekstur lífeyrissjóða með þeim hætti sem gert er hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. Málið er rekið fyrir dómstólum í Noregi og var EFTA

dómstóllinn beðinn um álit. Tekist var á um skylduaðildarákvæðin og það hvort kjarasamningar geti almennt brotið gegn samkeppnisreglum. Dómur EFTA-dómstólsins staðfestir þau sjónarmið sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins settu fram um réttarstöðu kjarasamninga og kjarasamningsbundinna lífeyrissjóða. Meðan málið var til meðferðar fyrir EFTA-dómstólnum kom fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, að sameiginlegum sjónarmiðum ASÍ og SA við meðferð málsins.

Landssamtök lífeyrissjóða ítreka andstöðu sína við umrætt frumvarp um afnám skylduaðildar að einstökum lífeyrissjóðum með ofangreindum rökum og minna í því sambandi á að íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið til fyrirmyndar meðal annarra þjóða, hvað varðar uppbyggingu kerfisins, en einn af hornsteinum þess er einmitt skylduaðildin.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

